

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 5. júlí sl., var til umræðu alvarleg staða vegna mönnunar heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni.

Á fundinum fór Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri, yfir stöðu mönnunar í grunnheilbrigðisþjónustu á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vestmannaeyjum, þar sem janframt kom fram að staðan sé alvarleg á landsbyggðinni, þar sem illa hefur gengið að manna stöður heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslum. Sama staða hefur verið og blasir við á heilsugæslu HSU í Vestmannaeyjum. Bæjarstjóri sagði mikilvægt að halda uppi nauðsynlegri grunnheilbrigðisþjónustu í Vestmannaeyjum, líkt og annars staðar, og til þess þarf að manna stöðu lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks allan sólarhringinn.

### **Bæjarstjórn Vestmannaeyja lagði svo fram sameiginlega bókun**

Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að jafnt aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu á að vera grundvallaratriði í samfélagsuppbyggingunni. Sú er hins vegar ekki raunin fyrir fólk á landsbyggðinni í dag. Heilsugæslan á landsbyggðinni er undirmönnuð og aðgengi íbúa að grunnheilbrigðisþjónustu er skert. Það þarf að búa þannig um hnútana að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni geti mannað stöður heilbrigðisstarfsfólks þannig að þær geti veitt þá grunnheilbrigðisþjónustu sem þeim er ætlað. Þá liggur fyrir að flestar flóknar aðgerðir eru í dag einungis framkvæmanlegar á Landspítalanum. Það þarf að auka öryggi sjúklinga á landsbyggðinni með því að styrkja og breyta fyrirkomulagi sjúkraflugs m.a. með tilkomu sérhæfðrar sjúkrabyrju og ákveða þarf staðsetningu flugvallar í Vatnsmýrinni til framtíðar. Þannig tryggjum við að allir landsmenn geti notið þjónustu Landspítalans með fullnægjandi hætti.